131. löggjafarþing 2004–2005.
Þskj. 1320 — 587. mál.

Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur, Guðrúnu Ögmundsdóttur og Ágústi Ólafi Ágústssyni.

Við 1. gr. A-liður orðist svo: 2. mgr. orðast svo:
Greiðslur sjúkratrygginga skv. 1. mgr. skulu vera sem hér segir:

1. 100%: Vegna þeirra sem eru eldri en 67 ára, eru langsjúkir og dveljast á sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum eða hjúkrunarrýmum á öldrunarstofnunum, sbr. nánari útfærslu í reglugerð ráðherra. Sama gildir um sjómenn 60 ára og eldri sem uppfylla framangreind skilyrði.
2. 100%: Vegna þeirra sem fengið hafa 75% örorkumat skv. 12. gr., eru langsjúkir og dveljast á sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum eða hjúkrunarrýmum á öldrunarstofnunum, sbr. nánari útfærslu í reglugerð ráðherra. Sama gildir um endurhæfingarlífeyrisþega sem uppfylla framangreind skilyrði.
3. 100%: Vegna andlega þroskahamlaðra einstaklinga 18 ára og eldri.
4. 75%: Vegna barna og unglinga, yngri en 18 ára. Þó skal ein skoðun á ári greidd að fullu samkvæmt gjaldskrá ráðherra. Ekki er heimilt að taka þátt í kostnaði vegna gullfyllinga, króna, brúa eða annarrar sambærilegrar meðferðar, svo sem tannplanta.
5. 75%: Vegna elli- og örorkulífeyrisþega sem fá greidda tekjutryggingu frá Tryggingastofnun ríkisins, sbr. nánari útfærslu í reglugerð ráðherra.
6. 50%: Vegna öryrkja og þeirra sem eru 67 ára og eldri sem fá ekki greidda tekjutryggingu frá Tryggingastofnun ríkisins, sbr. nánari ákvæði í reglugerð ráðherra.

Endurgreiðsluhlutfall vegna annarra þátta en almennra tannlækninga skal vera það sama en ráðherra skal útfæra það nánar í reglugerð.